



FUNDARGERÐ

Starfshópur um starfsemi Vinjar

8. fundur

Efni fundar: Fundargerð starfshóps um starfsemi Vinjar - 8. fundur

Viðstaddir: Aðalbjörg Traustadóttir, Sigbrúður Erla Arnardóttir, Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, Andri Vilbergsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Halldóra Pálsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Hörður Jónasson, Garðar Sölvi Helgason, Hjálmar Hrafn Sigurvaldason, Ólafur Thorsson og Þuríður Harpa Sigurðardóttir.

Fundardagur: 21. mars 2023

Tími: 14:30

Fundarstaður: Hof, Borgartúni 12-14

-
1. Upplýst um atkvæðagreiðslu/viðhorfskönnun sem lögð var fyrir gesti Vinjar.
Lagðar fram þrjár tillögur:
 1. Óbreytt starfsemi Vinjar.
 2. Tillaga Harðar – flytja starfsemi Vinjar í annað húsnæði.
 3. Flytja Vin undir aðra félagsmiðstöð.Niðurstaða könnunarinnar var sú að meirihluti þeirra sem kusu vildu halda starfsemi Vinjar óbreyttri. Sjá niðurstöður í fylgiskjali.
 2. Rætt um farinn veg. Farið yfir tillögur sem fulltrúar hópsins skiluðu inn fyrir síðasta fund hópsins, 14. mars sl.
 3. Hjálmar heldur tölu þar sem eftirfarandi kemur fram:

Góðu skjólstæðingar Vinjar og fagfólk Reykjavíkurborgar.
Geðsjúkdómar eru einstakir, ólíkir öllum öðrum sjúkdómum.
VILLA OKKAR ER HEILÖG.
Fordóma þekkjum við vel.
En ég vill ekki flytja.
Vin við Hverfisgötu hefur hjálpað mér í 10 ár.
Ómetanlega.
Vin hefur verið til staðar í 30 ár. Fagfólk Vinjar, hefur verið margt og deilt reynslu sinni til nýrra starfsmanna hverju sinni í gegnum árin. Ekkert hefur tapast.
Hingað til.
Takk fyrir.
 4. **Fulltrúar í starfshópi um starfsemi Vinjar voru sammála um eftirfarandi niðurstöðu:**

Starfsemi Vinjar er mikilvæg og hefur nýst gestum sem sækja staðinn vel. Núverandi húsnæði Vinjar er ekki aðgengilegt og uppfyllir ekki kröfur um aðgengi út frá algildri hönnun. Brýnt er að skilgreining á starfseminni verði víkkuð og náí til þeirra sem er félagslega einangraðir. Kjarnastarfsemi Vinjar sem er fólgin í stuðningi við einstaklinga með alvarlega geðrofssjúkdóma þarf að halda sér. Fulltrúar hópsins töldu að ef starfsemi Vinjar yrði samþætt annarri starfsemi þá væri afar mikilvægt að það væri í hlutlausu húsnæði, þ.e. að starfsemi Vinjar yrði ekki flutt inn í hefðbundna félagsmiðstöð í rekstri velferðarsviðs heldur myndi flytja ásamt annarri starfsemi í „nýtt“ húsnæði þar sem allir hefðu jafna stöðu frá upphafi. Ef af uppbyggingu samfélagshúsa í borgarhlutum yrði þá gæti starfsemi Vinjar fundið sér stað í slíku fyrirkomulagi. Slíkt fyrirkomulag myndi tryggja samstarf við aðra aðila sem og flæði í tilboðum.